

**Starfsreglur**  
**um breytingu á starfsreglum um prófasta nr. 7/2023-2024.**

1. gr.

2. gr. orðast svo:

Biskup Íslands auglýsir starf prófasts innan hvers prófastsdæmis með sambærilegum hætti og önnur prestsstörf. Einungis starfandi prestar í viðkomandi prófastsdæmi geta sótt um starfið.

Áskilja ber þekkingu og reynslu af kirkjustarfi, stjórnunar- og skipulagsstörfum, sálgæslu og mannauðsmálum.

Biskup ræður prófast úr hópi umsækjenda að fenginni umsögn vígðra þjóna, sóknarnefndarfólks og ráðgjafarnefndar biskups í mannauðsmálum.

Prófatar í Reykjavíkurrófastsdæmi eystra, Reykjavíkurrófastsdæmi vestra og Kjalarnessrófastsdæmi geta ekki samtímis gegnt stöðu sóknarprests.

2. gr.

3. gr. orðast svo:

Biskup setur nágrannaprófast til að gegna starfi prófasts um stundarsakir ef sérstaklega stendur á svo sem vegna leyfis, veikinda eða lengri fjarveru.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

*Samþykkt á kirkjuþingi 16. mars 2025 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.*

**Drífa Hjartardóttir**, forseti kirkjuþings.